**361. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 17. september 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.**

**Mættir:**
Júníana Björg Óttarsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

1) **Stöðugildi þroskaþjálfa við leikskóla Snæfellsbæjar.**
Hermína, leikskólastjóri, og Linda, aðstoðarleikskólastjóri, mættu á fundinn og voru boðnar velkomnar. Fóru þær yfir ástæður fyrir ósk leikskólans um stöðu þroskaþjálfa. Mikil umræða varð um erindið.
Véku Hermína og Linda nú af fundi og var þeim þökkuð koman.

2) **Bréf frá öldungaráði, dags. í september 2025, varðandi bætta útilýsingu.**
Bæjarráð þakkar fyrir góðar ábendingar og samþykkti að fela bæjarstjóra að skoða málið.

3) **Bréf frá Kvennaathvarfinu, dags. 5. september 2025, varðandi rekstrarstyrk.**
Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við beiðninni að þessu sinni.

4) **Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, dags. 11. september 2025, varðandi áform um breytingu á fyrirkomulagi eftirlits í samráðsgátt, ásamt fréttatilkynningu varðandi ákvörðun um breytta skipan heilbrigðiseftirlits á Íslandi.**
Lagt fram til kynningar.

5) **Minnispunktar bæjarstjóra**
   a) Bæjarráð gaf bæjarstjóra og bæjarritara heimild til að fela ráðningarstofu að auglýsa lausa til umsóknar stöðu hafnarstjóra í Snæfellsbæ.
   b) Bæjarstjóri sagði frá viðræðum um línuívilnun. Landbeitning og uppstokkun skiptir samfélagið í Snæfellsbæ töluverðu máli og skapar heilsársstörf.
   c) Bæjarstjóri sagði frá gangstéttarframkvæmdum í bæjarfélaginu. Þær ganga nokkuð vel.
   d) Framkvæmdir eru hafnar við Gilið í Ólafsvík.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:06**

Júníana Björg Óttarsdóttir

Björn H Hilmarsson

Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari